

Profanefnd tónlistarskóla auglýsir eftir örfáum nýjum prófdómurum í klassískri tónlist

Dagana 25. og 26. febrúar nk. heldur Profanefnd tónlistarskóla námskeið í prófdæmingu í einsöng og klassískum hljóðfæraleik. Þeim sem áhuga hafa á að bætast í hóp prófdómara á vegum Profanefndar gefst kostur á að sækja um þátttöku á námskeiðinu. Fjöldi þátttakenda er mjög takmarkaður og verður valið úr hópi umsækjenda með tilliti til þarfa um fjölda prófdómara í einstökum hljóðfæraflokkum.

Hæfniskröfur sem gerðar eru til umsækjenda:

- Hafi lokið háskólaprófi í hljóðfæraleik eða einsöng eða hafi sambærilega menntun
- Hafi a.m.k. fimm ára kennslureynslu í tónlist
- Hafi reynslu sem hljóðfæraleikari eða söngvari
- Eigi auðvelt með að tjá sig í rituðu máli
- Sýni lipurð í mannlegum samskiptum

Starf prófdómara felst í prófdæmingu á grunn-, mið- og framhaldsprófi í klassískri tónlist samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Að loknu námskeiði verða nýir prófdómarar valdir úr röðum þátttakenda. Starfstími prófdómara er óreglulegur og krefst ferðalaga innanlands. Ætlast er til að prófdómarar að taki þátt í reglulegri símenntun á vegum Profanefndar. Greiðslur til prófdómara eru verktakagreiðslur og miðast við fjölda og umfang prófa.

Umsóknir ásamt ítarlegri ferilsskrá sendist á netfangið profanefnd@profanefnd.is. Nánari upplýsingar veitir Kristín Stefánsdóttir í s. 893 9178.

Umsóknarfrestur er til 9. febrúar 2012.